

Reykjavík, 5. október 2009

Fréttatilkynning

Vegna umfjöllunar um málefni Vífilfells í fréttatíma ríkissjónvarpsins í gærkveldi, og í fréttauka sem fylgdi í kjölfarið, vill Þorsteinn M. Jónsson koma eftirfarandi á framfæri:

“Það er rangt að til standi að afskrifa skuldir sem tengjast Vífilfelli eða eignarhaldi á því. Síðastliðnar vikur hafa átt sér stað uppbyggilegar viðræður við Nýja Kaupþing sem miða að fullum efndum allra skulda við bankann sem tengjast Vífilfelli og eignarhaldi á því. Rekstur Vífilfells er í góðu horfi sem fyrr, en hrun íslensks efnahagslífs hefur að sjálfsögðu sett sitt mark á félagið og eigenda þess.”

Það er enn fremur alrangt að fulltrúar Coca-Cola fyrirtækisins hafi haft í hótunum við Nýja Kaupþing eins og haldið er fram af ríkissjónvarpinu. Fulltrúar Coca-Cola hafa komið að viðræðum við Nýja Kaupþing og lagt gott eitt til.

Leiðarljós allra aðila, eigenda Vífilfells, fulltrúa Coca-Cola, og Nýja Kaupþings, er að tryggja áframhaldandi farsælan rekstur Vífilfells

og þar með störf á þriðja hundrað starfsmanna fyrirtækisins.

Það er harmað að mál skuli sett fram með þeim hætti sem gert var af fréttastofu RÚV í gær, sérstaklega í ljósi þess að ofangreindar staðreyndir höfðu verið skýrðar út fyrir fréttamanni RÚV.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn M. Jónsson
Stjórnarformaður